Nokkur vorverkefni í tilefni Dags Umhverfisins og 23 ára afmælis Grænfánans á Íslandi

Þegar vorar er upplagt að nýta góða daga til þess að fara í leiki á náttúrusvæði í nálægð við skólann. Það er mikilvægt fyrir börn og ungmenni að upplifa náttúruna og kynnast henni, þannig átta þau sig frekar á mikilvægi hennar.

VERKEFNI FYRIR
LEIKSKÓLASTIG OG YNGSTA STIG GRUNNSKÓLA

Hér er hugmynd að einföldum stöðvaleik sem hvetur börn til þess að skoða náttúruna í kring um sig.

Undirbúningur fyrir stöðvaleikinn:

Skiptið í hópa.

Stöð 1: Raðið 5-8 hlutum úr náttúrunni á poka/dúk, nemendur eiga að finna samskonar hluti og raða á poka/dúk sem er á stöðinni,

Stöð 2: Raðið nokkrum pappadiskum á jörðina, nemendur búa til mynd úr náttúrulegum efnum á diskinn.

Stöð 3: Litið inn í hólfin á eggjabakka með ólíkum litum, setjið eggjabakkann á stöðina, nemendur eiga að finna hluti úr náttúrunni sem eru með þessum litum.

Stöð 4: Takið myndir af 4-5 stöðum á náttúrusvæðinu í kringum skólann, prentið þær út og nemendur eiga skoða myndirnar og finna hvar þær voru teknar.

Stöð 5: Nemendur útbúa augu, hægt að hafa efnivið á stöðinni eða undirbúa áður en farið er af stað. Nemendur nota augun til þess að búa til furðuverur á svæðinu

Stöð 6: Börnin fara í feluleik á náttúrusvæðinu

Stöð 7: Setjið trefil eða band á stöðina sem hægt er að nota til þess að binda fyrir
augun. Börnin skiptast á að snerta hlut/i úr náttúrunni og giska á hvað það er.

Stöð 8: Setjið blað og liti á stöðina, nemendur teikna það sem þau sjá.

Stöð 9: Setjið ávexti eða drykk á stöðina og jafnvel dúk og pullur til að sitja á.

STÖÐVALEIKUR

Stöð 1
Finnið samskonar hluti úr náttúrunni og eru á pokanum. Raðið hlutunum á jörðina. Hreinsið fyrir næsta hóp.

Stöð 2
Búið til andlitsmynd á diskinn úr náttúrulegum hráefnum. Takið mynd og hreinsið diskinn fyrir næsta hóp.

Stöð 3
Finnið hluti úr náttúrunni sem eru með eins lit og eru merktir á eggjabakkanum og raðið í bakkann. Hreinsið fyrir næsta hóp.

Stöð 4
Spilið samstæðuspil. Ruglið fyrir næsta hóp.

Stöð 5
Teiknið og klippið út augu og búið til furðuverur í umhverfinu ykkar

Stöð 6
Felið ykkur í náttúrunni, farið í einn feluleik.

Stöð 7
Finnið hlut/i úr náttúrunni. Einn er með bundið fyrir augun og á að snerta hlutina og giska á hvað hann er.

Stöð 8
Skoðaðu í kring um ykkur, teiknið eitthvað sem þið sjáið sem tilheyrir náttúrunni.

Stöð 9
Fáið ykkur drykk eða ávöxt. Horfið í kring um ykkur, sjáið þið eitthvað sem tilheyrir náttúrunni. Lokið augunum. Hvað heyrið þið? Hvaða lykt finnið þið?

VERKEFNI FYRIR
MIÐSTIG GRUNNSKÓLA

Á vorin vaknar náttúran úr dvala, þá breytist margt í umhverfinu. Farfuglarnir koma til landsins einn af öðrum, snjórinn bráðnar og jarðvegurinn lifnar við. Plönturnar gægjast upp úr moldinni og skordýrin fara á kreik, svo eitthvað sé nefnt. Það er spennandi að fylgjast með breytingum í náttúrunni bæði stórum og smáum.

Á BINGÓspjaldinu merkir þú við það sem er að gerast í náttúrunni.

Á BINGÓ spjaldinu eru nokkrar fuglategundir finndu hvað þær heita, Hvenær þú sást þær fyrst og í hvers konar umhverfi (t.d. á túni, í skóglendi, í garði, í votlendi, í úthaga/mólendi, í fjöru o.s.frv.). Ef þér finnst gaman að fylgjast með fuglum, bættu þá við þeim tegundum sem þú sérð til viðbótar þeim sem eru á spjaldinu.
Fuglamyndir af fuglavefnum Menntamálastofnunnar

Þegar snjórinn bráðnar kemur í ljós alls konar rusl sem við höfum hent út í náttúruna eða hefur fokið þangað. Það er mikilvægt fyrir lífríkið að við hreinsum ruslið úr náttúrunni, við getum öll hjálpað til! Með því að „plokka“ rusl, safna því saman, flokka og henda síðan í rétta ruslatunnu slærð þú tvær flugur í einu höggi: Að hreyfa þig og hjálpað náttúrunni um leið, þú gefur líka gott fordæmi. Veltu fyrir þér hversu langan tíma það tekur ruslið að brotna niður í náttúrunni. Ekki er langt síðan að maðurinn fór að nota svona mikið af einnota umbúðum, það er fróðlegt að spyrja t.d. afa og ömmu hvernig umbúðir voru notaðar þegar þau voru ung. Einnota umbúðir eru stórt vandamál fyrir umhverfið því er nauðsynlegt að finna leiðir til þess að minnka notkun á þeim.

Finnið náttúrusvæði í nágrenni skólans.
Merkið inn á BINGÓ spjaldið, þegar þú hefur fyllt alla reitina ertu komin/nn með BINGÓ!

Góða skemmtun

VOR BINGÓ

Fugl á flugi Heiti: Hvenær: Hvar:	Búin að sjá fyrsta blómið blómstra í garði hjá einhverjum Veistu hvað blómið heitir?	Búin að tína rusl sem hefur verið hent eða fokið út í náttúruna. Hversu mikið:	Búin að finna lykt af jarðvegi. Hvernig var lyktin?
Búin að sjá eitt lifandi skordýr úti. Hvaða tegund það var?	Búin að sitja rólega í tvær mínútur í náttúrunni og hugleiða Hvað varstu að hugsa?	Búin að þreifa á jarðvegi og skoða. Úr hverju er þessi jarðvegur?	Fugl á landi Heiti: Hvenær: Hvar:
Taktu umbúðir úr ruslinu sem þú tíndir úti. Utan um hvaða hlut eru þessar umbúðir? Hvað heldur þú að þetta rusl sé lengi að eyðast í náttúrunni?	 Skrifaðu lýsingu á veðri	 Búin að sjá fyrstu brumin á tré. Hvaða trjátegund?	Búin að sitja rólega úti í tvær mínútur og hlusta á hljóð úr náttúrunni. Hvaða hljóð heyrðir þú?
 Búin að búa til mynd með efni úr náttúrunni. ATH, ekki skemma/eyðileggja gróður	Búin að taka smá hlaupasprett á gangstéttinni og síðan á grasi Fannst þér vera munur á því að hlaupa á gangstétt og í grasi? Ef já, hvernig munur?	Horfðu í kringum þig, finndu 4 lýsingarorð til þess að lýsa umhverfinu þínu 1. 2. 3. 4.	Ég sá annað dýr Heiti: Hvenær: Hvar:

VERKEFNI FYRIR
ELSTA STIG GRUNNSKÓLA

Mannkynið og aðrar lífverur eiga allt sitt undir náttúrunni og eru háðar henni um fæðu og búsvæði, vatn og loft. Því er náttúruvernd í grunninn nauðsynleg öllu lífi. Í umræðu um náttúruvernd er mikilvægt að gera sér grein fyrir því að náttúran sem slík hefur ákveðið gildi, hún er ekki eingöngu til staðar svo við mannkynið getum nýtt hana heldur hefur hún einnig tilvistarrétt í sjálfri sér. Náttúran getur ekki talað fyrir sig sjálf, hún getur ekki sagt skoðun sína eða látið reyna á ákvarðanir fyrir dómstólum. Það er því mikilvægt að hún eigi sér málsvara þegar kemur að nýtingu auðlinda og röskun landssvæða.

Ein forsenda þess að fólk virði náttúruna, verndi hana og taki skynsamlegar ákvarðanir varðandi nýtingu hennar, er að það kynnist náttúrunni og átti sig á mikilvægi hennar.
Til þess að kynnast náttúrunni er mikilvægt að upplifa hana með því að dvelja í henni, njóta hennar og umgangast hana af virðingu. Ýmsar rannsóknir hafa jafnframt sýnt að umgengni við náttúruna bæti bæði andlega og líkamlega heilsu. Það er því mikilvægt að njóta náttúru landsins, bæði í heimabyggð og á fjarlægari svæðum.

Farið út í nærumhverfi skólans, reynið að fara á svokölluð græn svæði, á grænum svæðum má finna meiri náttúru en t.d við umferðargötu. Merkið inn á BINGÓ spjaldið, þegar þú hefur fyllt alla reitina ertu komin/nn með BINGÓ!

Góða skemmtun

VOR BINGÓ

Ég sá fugl Heiti: Hvar:	Finndu hluti í nærumhverfinu sem byrja á L _____ A _____ N _____ D _____	Finndu vistkerfi (skógur, skólalóð, lækur, dalur) Hvaða lífverur þrífast í þessu vistkerfi?	Búin að finna búsvæði lífveru Hvaða lífvera átti búsvæðið? Hvernig var búsvæðið?
Búin að sjá eitt lifandi skordýr úti. Hvaða tegund var það?	Búin að sitja/liggja í tvær mínútur í náttúrunni og hugleiða Hvað varstu að hugsa?	Finndu tré, taktu 6 skref frá trénu og svo 3 skref til hægri, snúðu þér svo hálfan hring Hvað sérðu fyrir framan þig?	Fjara, gras eða jafnvel lækur? Farðu úr skóm og sokkum og gangtu um svæðið. Hvernig var tilfinningin?
Finndu eitt rusl í náttúrunni. Utan um hvaða hlut eru þessar umbúðir? Hvað heldur þú að þetta rusl sé lengi að eyðast í náttúrunni?	Veldu hlut/part úr náttúrunni til þess að teikna litla mynd af	Finndu dæmi um umhverfisspjöll. Hvernig var búið að raska umhverfinu?	Búin að sitja rólega úti í tvær mínútur og hlusta á hljóð úr náttúrunni. Hvaða hljóð heyrðir þú?
 Búðu til mynd með efni úr náttúrunni. ATH, ekki skemma/eyðileggja gróður	Gerðu tvö góðverk, eitt fyrir umhverfið og annað fyrir lífveru. Hvaða góðverk gerðir þú?	Horfðu í kringum þig, finndu 5 lýsingarorð sem þú tengir við náttúruvernd 1. 2. 3. 4.	Náttúruvernd er mikilvæg af því að:

VERKEFNI FYRIR
FRAMHALDSSKÓLA OG HÁSKÓLA

Náttúran er gott meðal við streitu. Útivist og tengsl við náttúruna dregur úr streitu og eykur vellíðan, það lækkar blóðþrýsting, hjartslátt, vöðvaspennu og framleiðslu streituhormóna. Með því að eyða 20 mínútum í náttúrunni, hvort sem það er göngutúr eða sitja í kyrrð, þá minnkar framleiðslan á streituhormónum.

Mikilvægt er að taka sér lærdómspásur í mikilli verkefna- eða prófatörn.
Finnið ykkur grænt svæði í nærumhverfinu ykkar, fáið ykkur sæti á góðum stað. Veltið fyrir ykkur umhverfinu, prófið að loka augunum og veltið fyrir ykkur hljóðunum. Náttúran er okkur mikilvæg og sömuleiðis náttúruvernd, hugsaðu um uppáhaldsstaðinn þinn úti í náttúrunni. Hvernig myndi þér líða ef hann væri ekki til á morgun?

Haltu nú áfram að hugsa um þinn uppáhalds stað ef það reynist erfitt að velja stað notaðu þá staðinn sem þú ert á núna.
Skrifið lýsingu á einhverjum stað sem ykkur þykir vænt um en hafið ekki komið á lengi. Lýsið nákvæmlega hvernig staðurinn lítur út, hvernig ykkur líður þegar þið eruð þar og hvað það er sem ykkur líkar svo vel á þessum stað.

Veltið fyrir ykkur hlutum eins og
·Hvað er það sem gerir þennan stað uppáhalds?
·Hvernig er tenging þín við þennan stað?
·Er fjölbreytt dýralíf á þessum stað?
·Hefur þessi staður alltaf litið svona út?
·Er einhverjar líkur á að þessi staður muni breytast á næstu 50 árunum? Ef svo er hvernig? Eru það breytingar af mannavöldum eða náttúru?

Finnið 5 lýsingarorð sem þið mynduð nota til að lýsa staðnum
Finnið 5 sagnorð sem þið mynduð nota til þess að lýsa hvað er hægt að gera á staðnum

Einnig er hægt að hugleiða þessa hluti án þess að skrifa þá niður, en við mælum þó með að koma þessum í hugleiðingum í skriflegt form. Seinna meir gæti þetta orðið dýrmæt minning um þinn uppáhalds stað.

ÚTILEIKIR
HENTA ÖLLUM ALDRI

Á næstu blaðsíðum má finna útileiki sem hafa það sameiginlegt að tengjast umhverfinu eða umhverfisvitund.

Með því að leyfa nemendum að njóta útiveru og náttúru í námi erum við að ýta undir náttúruvitund nemenda og auka líkurnar á því að nemendur fari meira út í náttúruna.
Þar öðlast þeir þekkingu og færni og um leið læra að bera virðingu fyrir náttúrunni.

Umhverfisleikur

Orðaforði og skynjun umhverfis

Lýsing:- „Ég fer á veiðar og tek með mér“ ... asparlauf.

- Ég fer í skógarferð og tek með mér asparlauf og ánamaðk.

- Ég fer í skógarferð og tek með mér asparlauf, ánamaðk og birki.

- Ég fer í skógarferð og tek með mér asparlauf, ánamaðk, birki og drumb.

Nemendur standa í hring. Kennarinn byrjar og sá sem er honum til hægri handar þarf að endurtaka hvað hann tekur með í skógarferð og bæta við einum hlut sem byrjar á næsta staf í stafrófinu og sem hann sér í umhverfinu í kringum sig. Það sem tekið er með þarf að vera í umhverfinu í kringum leikinn. Þannig þylja nemendur stafrófið, koll af kolli, og taka eftir umhverfinu um leið.

Umhverfisleikur

Endurvinnslan

Gögn: Band
Svæði: Leiksvæði, tún eða annað autt svæði

Lýsing: Leikurinn hefst á því að einn leikmaður er „rusl“ og er auðkenndur á einhvern hátt t.d. með bandi eða borða. Hans hlutverk er að reyna að ná öðrum og gera þá að rusli og eins og nafnið gefur til kynna snýst leikurinn um að endurvinna rusliđ.

Það er gert með því að sá sem var náð á að leggjast á bakið og bíða eftir því að fara í endurvinnslu. Það gerist með því að fjórir leikmenn koma og bera rusliđ í endurvinnslustöðina sem er afmarkaður reitur og það er alveg bannað ná þeim á meðan þeir gera það. Eins er bannað að klukka þá sem halda í rusliđ og bíða þess að fleiri komi til aðstoðar.
Markmiðið er að endurvinnslan sigri rusliđ.

Leikur frá Vinnuskóla Kópavogs

Umhverfisleikur

Útisætaleikur

Leikurinn er útileikur. Í byrjun eru tíu sæti þar sem sjálfboðaliðar setjast afmörkuð með einhverjum hætti (t.d dagblað, flík eða sessa).

Síðan er kallað upp hlut til að leita að; getur verið rusl (plast, pappi, flaska), laufblað, trjágrein, steinn o.s.frv. Síðan hlaupa sjálfboðaliðarnir og reyna að finna hlutinn og setjast aftur í sætið sitt eins fljótt og þeir geta en í hvert sinn sem allir hlaupa af stað er tekið eitt sæti í burtu alveg þangað til einn stendur uppi sem sigurvegari. Leikurinn er skemmtilegastur ef hægt er að hafa tónlist í gangi.

Leikur frá Lindaskóla

Umhverfisleikur

Tófur og hagamýs

Tilgangur leiksins: Að gera nemendur meðvitaðari um náttúruna og dýrin utan bæjarmarka, og hvað þau þurfa að gera til að komast af.

3 tófur, rest hagamýs. Svo er róterað nokkru sinnum. Músunum er raðað í hring í kringum einhvern hlut sem að tófurnar eiga að reyna að ná án þess að gera hinum viðvart. Mýsnar skulu vera með lokuð augun, ef að mús opnar augun bætist mínúta við tímann þeirra. Bilið á milli þeirra skal vera circa 4-5 skref og þær skulu vera svipað langt frá hlutinum. Ef að mýsnar heyra í tófunum eiga þær að benda í átt að þeim. Það verður tímataka og sá hópur sem er fljótastur að ná hlutnum vinnur!

Leikur frá Vinnuskóla Kópavogs

Umhverfisleikur

Plokkbolti

Plokk-skotbolti virkar eins venjulegur skotbolti nema til þess að lifna við verður maður að hlaupa í náumhverfi vallarins sem spilað er á og tína upp rusl. Þá er einnig hægt að keppa í liðum og láta magn þess rusl sem tínt er hafa áhrif á úrslitin.

Leikur frá nemendum í Álfhólsskóla

Umhverfisleikur

Samspil í náttúrunni

Umhverfisvitund. Hver og einn þátttakandi er ígildi einhvers í náttúrunni. Gott er að velta fyrir sér fæðuvef og skipta hópnum niður á þætti vefsins. Þátttakendur standa í halarófu og mynda þéttan hring, svo þéttan að hver stendur fast upp við bak þess sem næst er á undan. Talið er upp að þremur og á sama tíma setjast allir í hringnum á hnén á næsta manni á eftir. Hringurinn verður alveg stöðugur ef allir setjast og enginn berst við að tylla sér bara. Þegar hringurinn er stöðugur eru allir sem eru t.d. „vatn“ beðnir um að fara úr hringnum. Þegar einn umhverfisþáttur er þannig slitinn úr samhengi, fjarlægður úr umhverfinu, fellur hringurinn – fæðuvefurinn hrynur.

Leikur frá Vinnuskóla Kópavogs

Umhverfisleikur

Gettu betur

Hópnum er skipt upp í tvennt. Annar hópurinn fer og finnur einhvern hlut í náttúrunni, það má vera annaðhvort dýr eða planta. Hinn hópurinn á að reyna að finna út hver hluturinn er með já og nei spurningum. Síðan þegar sá hópur telur sig hafa nægilega miklar upplýsingar á hópurinn að reyna að finna hlutinn sem hinir völdu. Síðan er hópunum snúið við og sá hópur sem er fyrr að finna hlutinn sinn, sigrar. Einnig er hægt að setja hámarksspurningafjölda t.d. fyrir eldri nemendur, þannig þurfa spurningarnar að vera ígrundaðri

Leikur frá Vinnuskóla Kópavogs

Umhverfisleikur

Krítarlínan

Búin til lína og inn á hana er merkt: Mjög sammála, sammála, hlutlaus, ósammála og mjög ósammála.

- Mér finnst Ísland vera hreint land.
- Íslendingar eru umhverfisvænir.
- Mér finnst náttúrvernd mikilvæg
- Ég veit hvað fellst í því að vernda náttúruna
- Mér finnst mikilvægt að endurvinna rusl.
- Mér finnst í lagi að henda rusli á göturnar.
- Ég er umhverfisvæn/n.
- Mér finnst að við ættum að gera meira en við gerum nú þegar, til að koma í veg fyrir frekari hlýnun jarðar.
- Mér finnst í lagi að henda rusli á göturnar.
- Mér finnst að það ætti að banna stórverslunum að henda mat
- Mér finnst sjálfsagt að kaupa alltaf nýjasta nýtt.
- Ég gæti verið hamingjusöm/samur án rafmagns.
- Mér finnst í lagi að menn megi aðlagi umhverfi sitt að sínum eigin þörfum að vild.
- Ég er vakandi fyrir umhverfislegum áhrifum gjörða minna.
- Mér finnst mikilvægt að varðveita náttúrulegar auðlindir.

Hægt er að taka umræður og biðja nemendur um að rökstyðja val sitt